

**12. fundur Starfshóps um samráð og stefnumótun aldraðra, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 25. október 2017 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir aðalmaður, Laufey Jónsdóttir starfsmaður bæjarskrifstofu, Steinunn Sigurðardóttir aðalmaður, Viðar Einarsson aðalmaður og Jóhannes Ingibjartsson aðalmaður.

**Fundargerð ritaði:** Laufey Jónsdóttir, verkefnisstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1708094 - Íbúáþing um farsæl efri ár á Akranesi**

Niðurstöður íbúáþings, áframhaldandi umræða.

Sjá stefnu Garðabæjar [http://www.gardabaer.is/library/Files/Stefnur/Eldri-borgarar/Stefna\\_eldri\\_borgarar2016.pdf](http://www.gardabaer.is/library/Files/Stefnur/Eldri-borgarar/Stefna_eldri_borgarar2016.pdf)

*Umræða var um niðurstöður íbúáþingsins og hvað helst vakti áhuga fundarmanna. Sérstaklega var rætt um almenna ánægju fólks með núverandi þjónustu í bæjarfélaginu. Einnig um þá þörf að fólk hafi einn aðila sem hægt er að leita til sem hefur yfirsýn yfir alla þjónustu sem í boði er í bæjarfélaginu, einhverskonar þjónustustjórar. Einnig var rætt um það að fólk vilji halda heilsu, búa við lífgæði og vellíðan. Því var ákveðið að semja við Ingrid Kuhlman að halda fyrirlestur um hamingjuna og fá Símenntunarmiðstöðina til samstarfs. Ingrid Kuhlman er búin að taka saman styttri útgáfu frá íbúáþinginu sem verður sent til bæjarráðs til umfjöllunar og til allra þátttakenda.*

**2. 1710131 - Húsnæðismál eldri borgara, þarfagreining**

*Almenn umræða var um húsnæðismál og ákveðið var að fá Sigurð Pál á fund til að fara yfir hvaða hugsun og framtíðarsýn er í gangi með þjónustumiðstöð í bæjarfélaginu.*

*Steinunn mun hitta fulltrúa FEBAN og fara yfir þá húsnæðisskýrslu sem unnin var vegna Dalbrautar 6.*

**3. 1502124 - Þjónusta við eldri borgara**

Framlagt skjal sem var til kynningar á síðasta fundi. Umræður og spurningar.

*Umræða um samþætta þjónustu heimaþjónustu og heimahjúkrunar. Það þarf að skerpa á því samstarfi og einnig við önnur þjónustukerfi.*

*Búið er að sækja um heimild til að auka rými í dagþjónustunni á Höfða fyrir fólk meðheilabilun.*

**4. 1710133 - Samráðshópur um málefni eldri borgara á Akranesi**

Jóhannes og Viðar komu með endurbætta tillögu um öldungaráð en fyrirmyndina fengu þeir frá Kópavogi.

*Ákveðið var að fara yfir og ganga frá tillögu að samþykkt um öldungaráð á næsta*

*fundi samráðshópsins.*

**5. 1710132 - Aldursvænar borgir**

*Svala, Laufey og Steinunn fá á næstunni kynningu á aldursvænum borgum en Reykjavíkurborg tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi. Málið verður kynnt á næsta fundir samráðshópsins.*

**6. 1611136 - Starfshópur um samráð og stefnumótun aldraðra**

*Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 15. nóvember kl. 16.00-18.00*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.**

*Vilborg P. Guðbjartsdóttir*

*Svala Heinsdóttir*

*Steinunn Þejmudóttir*

*Veður Þinnarsson.*

*Jóhanna Þingbjörnsdóttir.*

*Laufey Þorvaldsson*